

Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa að Kiðjabergi

Fundur stjórnar 12. febrúar 2025 kl. 18:15 haldinn í Grósku að Bjargargötu 1. Reykjavík.

Mættir voru: Stefán Pétursson, Bjarni Sigurðsson, Magnús Magnússon, Sigrún Sjöfn Helgadóttir og Sigurlína Gunnarsdóttir.

Á fundinum fór eftirfarandi fram:

1. Ákveðið var að halda aðalfund í kringum mánaðamótin apríl-maí og að hann skyldi haldinn í Reykjavík.
Formaður sagðist mundu finna sal og setja ákveðna dagsetningu á aðalfundinn.
2. Rætt var um að gera skoðun á holumyndunum í vegum í Kiðjabergi .
Stjórn samþykkti að hafa samband við Baldur hjá Suðurtaki og biðja hann um að yfirfara og holufylla.
3. Rædd var skýrsla V.S.Ó. um vatnsveitumálin og ákveðið að ganga til samninga við Lagnaþjónustuna á Selfossi varðandi umsjón vatnsveitunnar.
4. Rætt var um að ná fundi með forsvarsmönnum Hestlands og fá hugmyndir um hvernig vatnsveitumálum er hagað hjá þeim.
5. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og fundi slitið kl. 19:20.

Sigrún Sjöfn Helgadóttir ritari.